

Ed.

15. Frumvarp til laga

um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

88. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 orðist þannig: Hver sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenska ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri ihlutun með móðgunum, líkamsárásun, eigna spjöllum og öðrum athöfnum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektahegningu.

2. gr.

95. gr. almennra hegningarlaga orðist þannig:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóð-

höfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

3. gr.

Lög þessi koma þegar til framkvæmda.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breytingu á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörri kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð ráðuneytinu, að nauðsyn beri til þess að gera nokkrar breytingar á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 til verndar gegn háttsemi, er reynzt gæti skaðsamleg íslenskum hagsmunum. Með því að ráðuneytið telur einnig vera nauðsyn slíkra breytinga, fellst það á setningu bráðabirgðalaga um það efni, sem hér segir:

1. gr.

88. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 orðist þannig: Hver sem opinberlega í ræðu eða riti mælir með því eða stuðlar að því, að erlent ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenska ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, er veldur hættu á slíkri ihlutun með móðgunum, líkamsárásum, eignaspjöllum og öðrum athöfnum, sem líklegar eru til að valda slíkri hættu, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Ef brot þykir mjög smávægilegt, má beita sektahegningu.

2. gr.

95. gr. almennra hegningarlaga orðist þannig:

Hver, sem opinberlega smánar erlenda þjóð eða erlent ríki, æðsta ráðamann þjóðhöfðingja þess, fána þess eða annað viðurkennt þjóðarmerki, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem smánar opinberlega eða hefur annars í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum, eða ærumeiðandi aðdróttanir við aðra starfsmenn erlends ríkis, sem staddir eru hér á landi.

3. gr.

Lög þessi koma þegar til framkvæmda.

Gjört í Reykjavík, 29. janúar 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

Hermann Jónasson